

ELÍN LILJA JÓNASDÓTTIR

Ferðaðist með nestisbox um Köben

• á ferðinni • heilsa • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FRÍÐA OG STYRMIR

Tískubúðin Einstak-ar ostakökur

Selja fót í stíl 5. og 6. áratugarins
FÓLK 19



BALTASAR KORMÁKUR

Undir sama hatt og Tarantino

Inhale í góðum málum
FÓLK 22



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. ágúst 2009 — 201. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Kaffibars-kappleikur

Árni Einar og Helgi Guðjónsson ætla að tækla hvor annan á Hlíðarenda.

FÓLK 22



Er afneitunin á enda?

Hvað olli sinnaskiptum félagsmálaráðherra gagnvart niðurfellingum skulda? spyr Eygló Harðardóttir.

UMRÆÐAN 12



Nýr matvælskóli

Rannsóknarstofan Sýni opnar Matvælskólann.

TÍMAMÓT 14


Ármann til Englands

Ármann Smári Björnsson samdi við Hartlepool í gær.

ÍÐRÓTTIR 17



VEÐRIÐ Í DAG



BEST NORÐAUSTAN TIL í dag verður yfirleitt hæg austlæg átt. Bjart með köflum norðaustan- og austan til annars rigning eða skúr. Híti 10-17 stig, hlýjast norðaustan-lands.

VEÐUR 4

Ræða um mögulegt samstarf við Europól

Yfirmaður efnahagsbrotadeildar Europól fundar í dag með sérstökum saksóknara um mögulegt samstarf við rannsóknina á bankahruninu. Fulltrúar Europól munu einnig ræða við dómsmálaráðherra um heimildir til kyrrsetningar eigna.

LÖGREGLUMÁL Fulltrúar Evrópulögreglunnar Europól munu í dag funda með sérstökum saksóknara um það hvort og þá hvernig unnt er að nýta sérþekkingu stofnunarinnar við rannsóknina á bankahruninu.

Arnar Jensson, fastafulltrúi Íslands hjá Europól, og Carlo van Heuckelom, yfirmaður efnahagsbrotadeildar stofnunarinnar, munu fyrst hitta dómsmálaráðherra og starfsmenn ráðuneytisins og funda með þeim um heimildir til kyrrsetningar og haldlagningar eigna. Þar verður meðal annars farið yfir evrópska löggjöf á þessu sviði og hvaða úrbóta kann að vera þörf á Íslandi.

Því næst munu þeir funda um það sama með Ólafi Þór Haukssyni, sérstökum saksóknara, auk þess sem rætt verður um hugsanlegt samstarf embættisins við stofnunina.

„Þarna er töluvert mikil þekking sem við höfum ugglaustr hag af að komast í,“ segir Ólafur Þór. Hann segir að innan Europól séu ýmis svið sem kunni að nýtast við rannsóknina á bankahruninu, „án þess að ég geti tilgreint það nákvæmlega hvað það er sem við ætlum að gera.“

Ólafur mun síðan síðar í vikunni funda með erlendum ráðgjöfum sínum, þeim Evu Joly, Helge Skogseth Berg frá Noregi og Jean-Michel

Matt frá Frakklandi um framgang rannsóknarinnar.

Á borði sérstaks saksóknara eru nú 36 mál. Umsóknarfrestur rennur út í dag um störf þriggja saksóknara sem starfa munu við hlið Ólafs og mun hver þeirra hafa með höndum mál eins viðskiptabankanna þriggja.

Skemmst er að minnast þess að auglýsa þurfti stöðu Ólafs í tvígang áður en nokkur sótti um, en það sama er ekki upp á teningnum nú, að sögn Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra. Hún segir að umsóknir hafi þegar borist og að þeim kunni enn að fjölga.

- sh

Sterkasta kona Íslands valin:

Bestu genin í íslensku konunni

FÓLK „Við búumst við um 18 keppendum og konurnar koma úr mismunandi áttum,“ segir Gemma Taylor Magnússon, fyrrum sterkasta kona Bretlands, en hún ásamt eiginmanni sínum, Benedikt Magnússyni, skipuleggur nú keppnina Sterkustu konu Íslands sem fram fer í Vetrargarðinum í Smáralind í október. Krafta-keppni kvenna hefur ekki verið haldin áður með jafn stóru sniði hér á landi en allur ágóði af keppninni rennur til Krabbameinsstöðvar Íslands – bleiku slaufunnar.



GEMMA TAYLOR MAGNUSSON

„Ég held að íslenskar konur hafi eina bestu genablöndu í heimi hvað varðar styrk og líkamsbyggingu,“ segir Gemma.

- jma / sjá allt í miðju blaðsins

Tré nema áður harðbýl lönd:

Skógar sækja á vegna hlýnunar

NÁTTÚRA Hlýnun jarðar hefur orðið þess valdandi að tré skjóta nú rótum á svæðum þar sem áður var of kalt til að þau gætu þrífist. Þetta er niðurstaða fyrstu rannsóknarinnar sem gerð hefur verið á áhrifum loftslagsbreytinga á trjálinur, ystu mörk þeirra svæða þar sem skógar fást þrífist.

Rannsóknin tók til 166 svæða í heiminum og er niðurstaðan sú að í helmingi tilvika hafa tré dreift úr sér víðar en áður, og oft hærra yfir sjávarmál, en einungis á tveimur stöðum höfðu skógarirnir hopað.

Vísindamenn undrast þó nokkuð að þessa breytingu virðist mega rekja til hitabreytinga að vetri til, en ekki að sumri eins og fyrir fram var ætlað.

- sh



VÆTUSAMT Í HÖFUÐBORGinni Nokkur rigning var í höfuðborginni í gær, eins og verið hefur síðustu daga. Þessi japanska fjölskylda lét vætuna þó ekki spilla fyrir gönguferð sinni um miðborgina, enda vel búin regnhlífum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Útbreidd skoðun að ríkið geti ekki keypt hlut Orkuveitu Reykjavíkur:

Óvissa um hlutinn í HS Orku

VIRKJANIR Ríkið hefur ekki tök á því að kaupa hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku. Þetta er skoðun margra samfylkingarmanna og meirihluta borgarstjórnar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir málið enn vera í skoðun hjá fjármálaráðuneytinu. „Þetta hefur ekkert verið tekið fyrir í flokkunum. Menn hafa

bara verið að skoða stöðuna,“ segir hann. Þá segir hann ríkisstjórnina ekki hafa rætt málið, fyrir utan það að í byrjun málsins hafi hann fundað með forsætisráðherra, iðnaðar- ráðherra og umhverfisráðherra. Steingrímur fundaði með Ross Beaty, forstjóra Magma Energy, í gærdag.

Heimildir Fréttablaðsins herma að það sé víðtæk skoðun innan

Samfylkingarinnar og einnig meirihluta borgarstjórnar, að ekki sé möguleiki fyrir ríkið að kaupa hlutinn. Meðal annars myndi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gera við það athugasemdir.

Vilji er til þess meðal allra aðila málsins að veita stjórnvöldum svigrúm til þess að kanna málið til hlítar, samkvæmt heimildum blaðsins.

- þeb

„Flottir dagar“ í ágúst

Betra BAK

Sjá nánar á www.betrabak.is

6tömmu bátur

Kafbátur mánaðarins • ágúst

349 krónur

Túnfiskbátur

SUBWAY

TENGI

Tilboð vikunnar

lfö

lfö Cera salerni m/mjúkri setu

Tilboð kr: **34.900,-**

Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Gunnar, er þetta ekki tóm steypa?

„Jú, en sementið þyrfti helst að vera íslenskt.“

Gunnar H. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar á Akranesi, er ósáttur við að íslensk fyrirtæki í ríkiseigu kaupi sement frá Danmörku á sama tíma og íslenskur iðnaður berst í bökkum.

Ríkið sparar á lýtaaðgerðum: Skera niður um 90 milljónir

HEILBRIGÐISMÁL Skilyrði fyrir niðurgreiðslum ríkisins vegna æðahnútaaðgerða hafa verið hert og í sparnaðarskyni verður ekki framvegis greiddur kostnaður vegna aðgerða við rósroða.

Heilbrigðisráðherra gerði þessar breytingar með nýrri reglugerð í gær. Með breytingunni er ætlað að spara um 90 milljónir króna á ári, en um 30 milljónir það sem eftir er af yfirstandandi ári, samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu. Lýtalækningar kosta árlega um 400 milljónir króna, en árlegur kostnaður Sjúkratrygginga Íslands er um 300 milljónir.

- bj

HELLISHEIÐI Ný borhola gæti gefið 17 megavött í raforkuframleiðslu.

Borholur benda til meiri hita: Hengilssvæði stærra en áður

ORKUMÁL Jarðhitasvæðið í grennd við Hengilinn gæti verið mun stærra en áður hefur verið talið. Ný rannsóknarborhola við Hverahlíð hefur gefið sterkar vísbendingar um að það nái lengra til suðurs.

Samkvæmt mælingum gæti borholan sem um ræðir gefið fimmtán til sautján megavött í raforkuframleiðslu. Hún gæti þjónað þörfum sautján þúsund manna byggðar.

Nú fara fram boranir á fleiri rannsóknarholum, og rannsóknir og mælingar á þeim munu leiða í ljós hvort jarðhitinn á svæðinu sé í raun meiri en áður hafði verið talið.

- þeb

2

FRÉTTABLAÐIÐ

26. ágúst 2009 MIÐVIKUDAGUR

Lögmennastofan ehf. gleymdi að lýsa kröfu lífeyrissjóðs í Straum-Burðarás:

Milljarðar mögulega tapaðir

EFNAHAGSMÁL Fjögurra milljarða krafa lífeyrissjóðsins Stapa í Straum-Burðarás gæti verið töpuð. Lögmennastofan ehf. á Akureyri, sem sá um meðferð kröfunnar, gleymdi að lýsa kröfunni fyrir tiltekinn frest.

Á heimasíðu sjóðsins kemur fram að um mannleg mistök sé að ræða vegna misskilnings á auglýsingu um kröfufylsingarfrestinn. Vegna þessa þarf nú að leita samþykkis annarra kröfuhafa í bankanum.

Handhafar 75 prósentu heildarfjárhæðar krafna í Straumi þurfa að samþykkja kröfu lífeyrissjóðsins til þess að hægt sé að endur-

heimta eitthvað af henni. Ef það gengur ekki eftir gæti ávöxtun sjóðsins rýrnað um tvö til fjögur prósent, að því er fram kemur í frétt á heimasíðu sjóðsins. Niðurstaða málsins verður ekki ljós fyrr en að nokkrum vikum liðnum og þangað til ætlað sjóðurinn ekki að tjá sig um málið. Tólf stéttar- og starfsmannafélög eru aðildarfélög í lífeyrissjóðnum.

Fréttastofa RÚV sagðist í kvöldfréttum í gær hafa heimildir fyrir því að nú þegar hafi verið send út bréf til um 300 kröfuhafa í bankanum þar sem óskað er eftir því að þeir samþykki kröfu lífeyrissjóðsins Stapa.

- þeb

AKUREYRI Lífeyrissjóðurinn Stapi er staðsettur á Akureyri og á Neskaupsstað og eru tólf stéttar- og starfsmannafélög aðilar að honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tveir menn handteknir: Með tvö kíló af kannabisefnum

LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók tvo menn á þritugsaldri eftir hádegi á mánudag eftir að talsvert magn af kannabisefnum fannst við húsleit í Grafarholti. Alls fannst um eitt og hálft kíló af hassi, ríflega 600 grömm af maríjúana og auk þess kókaín í neysluskömmtum.

Leitað var í húsnæðinu að undangengnum dómsúrskurði. Mennirnir voru yfirheyrðir vegna málsins og síðan sleppt úr haldi. Þeir hafa báðir komið áður við sögu lögreglu. Annar þeirra mun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, bera öllu meiri ábyrgð í málinu en hinn.

- sh

Peningaþvættið enn á borði saksóknara

Einungis einn er ákærður fyrir innflutning á sex kílóum af amfetamíni þótt þrír hafi um tíma sætt varðhaldi vegna málsins. Enn á eftir að ákveða hvort hinir, Sigurður Ólason og Ársæll Snorrason, verði ákærðir fyrir peningaþvætti.

LÖGREGLUMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært Gunnar Viðar Árnason fyrir innflutning á um sex kílóum af amfetamíni til landsins í hraðsendingu í vor. Rannsókn málsins leiddi til þess að tveir menn til viðbótar, Sigurður Hilmar Ólason og Ársæll Snorrason, voru einnig handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þeir eru hins vegar ekki ákærðir fyrir smyglið.

Málið var margþætt og grundaði lögregla að þeir Ársæll og Sigurður hefðu átt hlut í tiltölulega umfangsmiklu peningaþvætti erlendra fíkniefnasmyglara. Sá angi málsins liggur enn á borði Ríkissaksóknara og ekki er útilok að hann leiði til ákæru.

Gunnari Viðari var birt ákæran fyrir fíkniefnasmyglið á mánudag og verður hún þingfest á föstudag.

Gunnar Viðar hefur setið í varðhaldi vegna málsins frá því 22. maí. Gunnar hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála, og hlaut tveggja og hálfs árs fangelsisdóm

árið 2005 fyrir innflutning á fjórum kílóum af amfetamíni.

Rannsókn lögreglu á tengslum þeirra Sigurðar og Ársæls við erlendu fíkniefnasalana hefur verið mjög umfangsmikil. Sigurður hefur játað að hafa stofnað fyrirtæki fyrir tvo menn, Ísraelsmanninn Erez Zizov og hinn hollenska Ronny Verwoerd, en neitar

FÍKNIEFNI Í PÓSTI Fíkniefnin bárust til landsins í hraðsendingu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var um að ræða hér um bil sex kíló af amfetamíni.

SAMSETT MYND

því alfarið að það hafi verið gert með það að augnamiði að þvætta fíkniefnagróða mannanna.

Fyrir liggur að Ársæll kom mönnunum í samband við Sigurð, en Ársæll þekkir þá síðan hann sat inni í Hollandi.

Lögreglan hleraði síma Sigurðar í lengri tíma, og kom meðal annars fyrir hlerunarbúnaði inni á skrifstofu hans. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru til upptökur af Sigurði og mönnunum tveimur að ræða peningaþvætti.

Þá óskaði lögregla eftir upplýsingum um listaverkæign Sig-

urðar vegna rannsóknarinnar, en Sigurður, sem hefur verið nokkuð umsvifamikill athafnamaður á Íslandi undanfarin ár, á myndarlegt listaverkasafn.

Sigurður og Ársæll hafa báðir hlotið dóma fyrir fíkniefnasmygl. Ársæll hlaut fimm ára fangelsisdóm í svokölluðu BMW-máli og hafði áður hlotið fjögurra ára dóm í Hollandi. Hann afplánar nú eftirstöðvar fyrri dóms. Sigurður hlaut þriggja ára fangelsisdóm árið 2001 fyrir aðild að smygli á 30 kílóum af hassi til landsins.

stigur@frettabladid.is

Fjórir fluttir á slysadeild: Bifhjól og bíll rákust saman

LÖGREGLUMÁL Fjórir voru fluttir á slysadeild eftir umferðarslys í Grafarvogi í gærkvöldi. Ekki er talið að alvarleg slys hafi orðið á fölskinu.

Slysið varð með þeim hætti að fölskbíll og bifhjól rákust saman. Atvikið varð um áttaleytið í gærkvöldi á Korpúlfsstaðavegi. Þrír sjúkrabílar voru sendir á staðinn.

Tveir hinna slösuðu voru á bifhjólinu og hinir tveir í bílnum. Tildrög slyssins voru enn óljós þegar Fréttablaðið fór í prentun.

- þeb

Félög í skattaparadísum: Ekki vita um eigendur 70 aflandsfélaga

VIÐSKIPTI Íslensku bankarnir segjast ekki hafa upplýsingar um hverjir eru eigendur um sjötiu aflandsfélaga sem þeir stofnuðu sjálfir. Bankarnir hér á landi stofnuðu um tvö hundruð og fimmtíu félög í skattaparadísum.

Ríkisskattstjóri hefur unnið að því að greina eignarhald á íslenskum fyrirtækjum og tengsl við erlend félög í skattaskjólum. Félögin sem eru til skoðunar eru um 400 talsins. Samkvæmt heimildum stofnuðu íslensku bankarnir um 250 aflandsfélög. Íslensku bankarnir í Lúxemborg og lögmennt stofnuðu hin 150 sem eru til skoðunar.

- ghh

LÖGREGLUFRETTIR

Þjófagengi í gæsluvarðhald

Hópur pólskra innbrotspjófa, sem nýverið var handtekinn í borginni, mun vera áfram í gæsluvarðhaldi til 28. ágúst. Hæstiréttur staðfesti úrskurð þess efnis í gær. Miklið magn þýfis hefur fundist sem talið er að megi rekja til innbrota fólksins. Lögregla leitar fleira fólks vegna málsins.

Þitt hjartans mál



Benecol inniheldur plöntu-
stanólester sem lækkar
kólesteról í blóði. Ein
flaska á dag dugur til
að ná hámarksvirkni
og full áhrif koma
fram strax þremur
vikum eftir að
neysla hefst.

Tryggja á að Bretar og Hollendingar fallist á fyrirvara við ríkisábyrgð Icesave-lána: Miklu betur búið en í upphafi

ALÞINGI Fjármálaráðuneytinu verður falið að kynna Bretum og Hollendingum fyrirvara Alþingis við ríkisábyrgð Icesave-lánanna og fá frá þeim formlega staðfestingu á að þeir fallist á þá.

Þetta er önnur tveggja breytinga sem fjárlaganefnd gerir á Icesave-frumvarpinu milli annarrar og þriðju umræðu þingsins. Hin breytingin snýr að málsmeðferð eftir árið 2024 ef eftirstöðvar verða af láninu. Fjárlaganefnd segir að komi sú staða upp skuli einfaldlega teknar upp viðræður milli aðila um framhaldið.

Að breytingunum standa allir flokka utan Framsóknar.

Með þessum breytingum er umfjöllun fjárlaganefndar um málið lokið. Það verður tekið til þriðju umræðu í þinginu á fimmtudag.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, segir málið allt hafa styrkst síðan nefndin fékk það til umfjöllunar 6. júlí. „Við höfum unnið að því að styrkja það með íslenska hagsmunum í huga. Við það eru settir miklir lagalegir og efnahagslegir fyrirvarar og ég tel klárlega að málið sé miklu betur búið en í upphafi.“

Ekki liggur fyrir hve miklum tíma fjárlaganefnd varði í umfjöllun um Icesave en Guðbjartur segir

ALÞINGI Icesave-málið verður rætt á þingi á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

nefndina hafa fundað svo að segja daglega, ýmist formlega eða óformlega, allt frá því að hún fékk málið í hendur fyrir rúmum sjö vikum. „Þetta var erfiður tími en spennandi og ógrandi og af starfinu hlaut mikill lærdómur,“ segir Guðbjartur. Samstarfið í fjárlaganefnd hafi verið gott og menn lagt sig fram um að betrumbæta málið.

Fyrir fjárlaganefnd liggur nú að vinna að fjárlagafrumvarpi ársins 2010.

- bps

•
Ekki missa
af þessu !
•

„Flottir dagar“

í ágúst

5 dagar eftir



Tilboð á stillanlegum rúmum í ágúst

Eitt mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum. 25% afsláttur í ágúst

Öllum stillanlegum rúmum fylgir 2 fyrir 1 tilboð á sængurverum !



Senseo svefnsófi - 140 cm

Margir litir - vönduð dýna:

Fullt verð kr. ~~364.000,-~~

Nú kr. 273.000,-

Allir svefnsófar - 25% afsláttur í ágúst !



Costa tungusófi með skemli

Fæst í hvítu eða svörtu, með hægri eða vinstri tungu:

Fullt verð kr. ~~479.900,-~~

Nú kr. 379.900,-

Stærð 300x200 cm.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Ópið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 11-16

Betra
BAK

GENGIÐ 25.08.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	127,99	128,61
	Sterlingspund	209,56	210,58
	Evra	182,85	183,87
	Dönsk króna	24,562	24,706
	Norsk króna	21,221	21,345
	Sænsk króna	18,08	18,186
	Japanskt jen	1,3582	1,3662
SDR		199,7	200,9
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
237,5985			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



FLAUGINNI SKOTIÐ Á LOFT Fyrsta geimskot Suður-Kóreu heppnaðist að hluta.

Fyrsta geimskot S-Kóreu: Gervihnöttur fór ranga leið

SUÐUR-KÓREA, AP Suður-Kóreubúar sendu á loft fyrstu geimflug sína í gær. Geimskotið heppnaðist vel, en gervihnöttur sem skotið var á loft með flauginni og átti að fara á braut umhverfis jörðu rataði ekki rétta leið.

Geimskotinu hefur verið frestað nokkrum sinnum síðan í júlí, þegar fyrst átti að reyna það.

Suður-Kórea hefur síðan 1992 sent ellefu gervihnetti út í geiminn, en aldrei áður hefur þeim verið skotið upp frá Suður-Kóreu, heldur verið notast við geimflugar annarra ríkja.

LEIÐRÉTT

Ranglega var hermt í Fréttablaðinu í gær að Bókabúð Máls og menningar hefði þurft að flytja verslunina af Laugavegi 18 vegna vangoldinnar leigu. Rétt er að ekki náðist samkomulag við eigendur húsnæðisins um leiguverð.

Vinnslufyrirtæki í Þorlákshöfn svindla úrgangi fram hjá mengunarvörnum:

Tugmilljóna skemmdir á fráveitunni

UMHVERFISMÁL „Slæm umgengni notenda fráveitu hefur valdið tugmilljóna tjóni,“ segir heilbrigðisfulltrúi Suðurlands í bréfi til skipulags- og byggingarnefndar Ölfuss.

„Ástæðan fyrir þessu er að sumir notendur virðast fjarlægja ristar og mengunarvarnir í fyrirtækjum sínum og spúla öllu beint í fráveituna í stað þess að hreinsa gólf af aðskotahlutum áður en þrif fara fram,“ segir í fundargerð skipulagsnefndarinnar þar sem vitnað er til bréfs heilbrigðis-fulltrúans sem ræðir um aðfarir vinnslufyrirtækja í Þorlákshöfn.



ÞORLÁKSHÖFN Heilbrigðisfulltrúi Suðurlands telur að í vinnslufyrirtækjum Þorlákshafnar sé úrgangi visvitandi hleypt fram hjá mengunarvörnum.

„Föstum efnum skal skila aftur til vinnslu eftir því sem kostur

er þannig að grófur óuppleystur úrgangur berist ekki í fráveitu og fráveita fyrirtækisins skal útbúin með fitugildru,“ vísar heilbrigðisfulltrúinn til starfsleyfissskilyrða. „Fitu og úrgang sem safnast í fitugildru eða á ristar skal nýta eftir því sem kostur er t.d til bræðslu eða mjölvinnslu, en að öðrum kosti farga á viðurkenndan hátt.“

Skipulagsnefndin fyrir sitt leyti áréttar við forráðamenn vinnslufyrirtækjanna að hafi þeir ekki komið upp fitugildrum við fyrirtæki sín geri þeir það strax „enda allir frestir sem veittir hafa verið löngu liðnir“.

- gar

Endurskoðun kvótakerfisins:

Starfshópurinn hefur ekki hist

STJÓRNMÁL Starfshópur sjávarútvegsráðherra um endurskoðun fyrirkomulags fiskveiðistjórnunar hefur enn ekki hist. Hópurinn var skipaður í byrjun júlí og er ætlað að skila álitssgerð til ráðherra fyrir 1. nóvember.

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar, er formaður starfshópsins. Hann er jafnframt formaður fjárlaganefndar Alþingis og hefur allur hans tími undanfarnar vikur farið í Icesave-málið. „Nú líður að því að ég kalli hópinn saman,“ sagði Guðbjartur við Fréttablaðið í gær. „Icesave tók miklu lengri tíma en áætlað var.“

- bps

Ráðherra vill frekar íslenska einokun en danska

Ríkisfyrirtæki eiga að beina viðskiptum sínum til íslensks framleiðanda frekar en samkeppnisaðila sem flytur inn sömu vöru, segir ráðherra. Samtök verslunar og þjónustu gagnrýna málflutninginn.

IDNAÐARMÁL Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir það afdráttarlausu skoðun sína að íslenskt iðnaðarfyrirtæki, í þessu tilfelli Sementsverksmiðjan á Akranesi, eigi meiri tilverurétt í íslensku atvinnulífi en samkeppnisaðilinn sem flytur inn danskt sement. Samtök verslunar og þjónustu (SVP) gagnrýna harðlega boðskap á þessum nótum.

Jón tók málefni Sementsverksmiðjunnar til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundum í gær. Komið hefur fram að samdráttur hjá verksmiðjunni er svo mikill frá efnahagshruninu að framtíð hennar er í hættu, sem er mat framkvæmdastjórans Gunnars H. Sigurðssonar. Á sama tíma er gagnrýnt að fyrirtæki í eigu ríkisins hafa keypt danskt sement frá Aalborg Portland á Íslandi.

„Ég spyr hvort misvitur samkeppnislög eigi að standa þjóðfélaginu fyrir þrifum,“ segir Jón. Hann segir mikilvægt að allt sé gert sem mögulegt er til að verja stöðu og framtíð íslenskrar sementsframleiðslu. „Það skýtur skökku við að opinberir aðilar skuli kaupa innflutt sement til sinna framkvæmda á sama tíma og barist er fyrir lífi og framtíð fyrirtækisins,“ segir Jón.

SVP taka til varna fyrir Aalborg Portland á Íslandi. Í fréttatilkynningu er bent á að fyrirtækið hafi lagt í miklar fjárfestingar hér og þar starfi níu manns, og atvinna þeirra sé í hættu verði fótunum kippt undan starfsemi fyrirtækisins.

SVP benda á að öll stýring viðskipta hins opinbera við kaup á sementi færi gegn ríkjandi sjónarmiðum í samkeppnismálum og bryti beinlínis gegn ákvæðum samkeppnislaga. „Því verður þess vegna ekki trúð fyrr en á reynir að stjórnvöld muni standa fyrir aðgerðum sem komi á einokun á sementsmarkaði á ný. [...] Einokun er nefnilega alltaf skaðleg, hvort sem hún er íslensk eða erlend,“ segir í tilkynningu samtakanna.

Þessari skoðun deilir ekki Jón Bjarnason með SVP og vitnar á heimasíðu sinni til orða



SEMENTSVERKSMIÐJAN Á AKRANESI Þar starfa 45 manns en lokun hefur áhrif á 120 manns þegar afleidd störf eru talin með.

SVP BENDA Á EFTIRFARANDI

Í telefni af opinberri umræðu um slæma stöðu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi vilja Samtök verslunar og þjónustu benda á eftirfarandi:

- Með EES-samningnum er aðildarríkjum samningsins gert að koma í veg fyrir einokun á mörkuðum.
- Fullyrða má að krafa um að fyrirtæki á samkeppnismarkaði (þó að þau séu tímabundið formlega séð í eigu ríkisbanka) beindi viðskiptum

sínum til fyrirtækis í eigu samkeppnisaðila, færi gegn ríkjandi sjónarmiðum í samkeppnismálum og bryti beinlínis gegn ákvæðum samkeppnislaga. - Slík ráðstöfun teldist jafnframt vafalítið falla undir ríkisstyrkjaákvæði EES-samningsins. Til þess að ríkisstyrkir teljist heimilir verður Eftirlitsstofnun EFTA að samþykkja slíka ráðstöfun. Telja verður í meira lagi hæpið að ríkisstyrkur í því formi sem hér um ræðir yrði heimilaður af stofnuninni.

Jóns Steindórs Valdimarssonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, sem féllu í viðtali um Sementsverksmiðjuna fyrr á árinu: „Ef það eru tveir valkostir í boði, íslensk einokun

eða dönsk þá vildi ég frekar þessa íslensku.“ Ríkisstjórnin samþykkti í gær að fela iðnaðar- og umhverfisráðherra málið til athugunar og skila um það álit.

svavar@frettabladid.is

ALVÖRU SÁLFRÆÐITRYLLIR




BEINT Í **3. SÆTI** METSÖLULISTA EYMUNDSSON

Ný stjarna á himni reyfarahöfunda

Þýðandi: Bjarni Jónsson

BJARTUR
www.bjartur.is

VEÐURSPÁ



SNÝST Í NORDAN ÁTT Á MORGUN Það eru breytingar í farvatninu. Smám saman snýst vindur til norðurs og þá stytir upp syðra og léttir smám saman til en norðanlands kólnar með vætusömu veðri. Á sunnudag snýst vindur svo til austurs með vætu sunnanlands en annars úrkomulitlu veðri.

Á MORGUN 3-8 m/s

FÖSTUDAGUR 8-13 m/s NV-til annars 3-8 m/s

HEIMURINN

Alicante	30°
Amsterdam	22°
Basel	29°
Berlin	24°
Billund	20°
Eindhoven	24°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	26°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	22°
Las Palmas	27°
London	21°
New York	31°
Orlando	32°
Osló	20°
París	23°
Róm	35°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Egill
Arnason™

Verðdæmi Þiljur
STRUCTUR HVÍTUR

Verð áður kr. 4.290

25% afsláttur

Verð nú kr. **3.217** m²

Verðdæmi Flísar
DAKAR 30x60 GÓLFFLÍS

Verð áður kr. 6.990

30% afsláttur

Verð nú kr. **4.893** m²

Verðdæmi Parket
EIK UNIQUE 3. STAFA

Verð áður kr. 8.990

30% afsláttur

Verð nú kr. **6.293** m²

STÓRÚTSALA

KJÖRKASSINN



Fylgdist þú með leik Íslands og Frakklands á EM kvenna í knattspyrnu?

Já	62,5%
Nei	37,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á að breyta erlendum lánum í lán í íslenskum krónum?

Segðu þína skoðun á vísir.is





MIKILL VIÐBÚNAÐUR Fjölmennit lið lögreglu var sent á staðinn. Hótunin getur haft miklar afleiðingar fyrir þann seka.

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Sleppt úr haldi:

Játaði ábyrgð á sprengjuhótun

LÖGREGLUMÁL Tvítugur maður sem lögregla handtók í fyrra-dag grunaðan um að hafa hringt sprengjuhótun inn í Borgarholtsskóla játaði verknaðinn við yfirheyrslur í gær. Honum var í kjölfarið sleppt úr haldi. Málið verður rannsakað frekar og síðan sent lögfræðideild lögreglunnar, sem líklega mun útbúa ákæru.

Um þúsund nemendum og starfsmönnum Borgarholtsskóla var gert að yfirgefa skólann eftir að hótunin barst. Engin sprengja fannst í skólanum. Maðurinn var handtekinn síðar um daginn í annarlegu ástandi.

- sh

Orðrómur um útspil Apple:

Talið styttest í nýja smátölvu

BANDARÍKIN Aðdáendur Steves Jobs, framkvæmdastjóra Apple, biða eftir því að hann kynni nýjung sem muni breyta heiminum.

Að þessu sinni gengur orðrómur á Netinu um að í næsta mánuði komi fram nýstárleg smátölva, sem verður búin snertiskjá í stað lyklaborðs. Hún sé nógu öflug til þess að notendur geti vafræð á vefnum, lesið dagblöð og horft á bíómyndir, en engu að síður nógu lítil til að hægt sé að smeygja henni í handtöskur.

- gb

Betra Form eftir Barnsburð

Að endurheimta vaxtarlag og vöðvastjórn eftir meðgöngu

Sérhæft námskeið undir leiðsögn sjúkráþjálfara fyrir mæður sem vilja:

- bæta vöðvastjórn í mjaðmagrind, grindarbotni, kvið og baki
- bæta líkamsstöðu eftir meðgöngu
- búa í hagin fyrir árangursríka heilsurækt
- minnka líkur á bakverkjum, grindarverkjum og þvagleka
- styrkjast og fræðast í góðra kvenna hópi (8-10 saman)



7 vikna námskeið byggt á fræðslu og æfingum, hefst 1. september. Þátttakendur fá vinnubók og aðstoð við að greina eigin líkamsstöðu, vöðvavirkni og leiðir til úrbóta. Í síðasta tíma fjallar hjúkrunar- og kynfræðingur um kynlíf kvenna eftir fæðingu.



Upplýsingar og skráning:
www.asmegin.net,
gudlaug@asmegin.net,
sími: 899 2873

6

FRÉTTABLAÐIÐ

26. ágúst 2009 MIÐVIKUDAGUR

Maður sem situr í gæsluvarðhaldi dæmdur fyrir vörslur á 487 e-töflum:

Meintur mannræningi hlýtur dóm



LÖGREGLAN Á AKUREYRI Eyþór hefur setið í gæsluvarðhaldi ásamt kærustu sinni og þriðja manninum.

FRÉTTABLAÐIÐ / KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

betur hafi hann gerst sekur um vörslu þeirra. Mannránið sem Eyþór er grun-

aður um fyrir tveimur vikum var hrottafengið. Fólkið er grunað um að hafa numið fórnarlambið brott af heimili þess, haldið því nætur-langt í annarri íbúð og þar meðal annars ítrekað lamið það með járnörri og kastað logandi klósett-pappír í það. Málið er talið tengjast fíkniefnaskuld.

Eyþór á langan sakaferil að baki og hefur verið dæmdur fjórtán sinnum frá því að hann var átján ára. Hann rauf skilorð með fíkniefnabrotinu. Hann var jafnframt dæmdur fyrir vörslu lítillræðis af hassi og að stela tveimur flöskum af ilmvatni og einni flösku af rakspíra.

- sh

Ríkið vill skaðabætur frá útrásarvíkingum

Stjórnvöld undirbúa höfðun skaðabótamála gegn þeim sem bakað hafa þjóðar-búinu tjón í hruninu. Hægt verður að krefjast kyrrsetningar eigna. Snýst um hagsmunagæslu og að réttlætið nái fram að ganga segir fjármálaráðherra.

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin samþykkti í gær að hefja undirbúning að höfðun skaðabótamála gegn einstaklingum, félögum og fyrir-tækjum sem sýna má fram á að hafi valdið ríkinu og íslenskum almenningi fjárhagslegu tjóni með athöfnum í aðdraganda bankahrunsins.

„Það má segja að þetta sé bæði hluti af eðlilegri hagsmunagæslu fyrir hönd ríkisins og þjóðarbús-ins, en líka hluti af því að réttlætið nái fram að ganga,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

„Ég treysti því, hvað sem út úr þessu kemur, að það fullnægi betur réttlætiskennnd manna að þessi þáttur sé skoðaður,“ segir Steingrímur. Hann segir ekki tímabært að nefna nöfn einstaklinga eða fyrirtækja sem verið sé að skoða.

Ákveðið hefur verið að fela starfshópi sjálfstætt starfandi lög-manna að undirbúa skaðabótamál-in. Verkefni hópsins verður meðal annars að athuga í hvaða tilvikum er líklegt að árangur náist með málshöfðun. Hópurinn mun einnig skilgreina einstök mál og velja þau sem líklegt er að geti haft hraðan framgang í dómskerfinu, og hafi fordæmisgildi fyrir önnur sam-bærileg mál.

Skaðabótamál gegn einstaklingum og lögaðilum yrðu rekin sem einkamál, og kröfur ríkisins eingöngu þær að fá bætur fyrir tjón sem hlotist hefur af verkum þeirra sem verða fyrir slíkrí málshöfðun, að því er segir í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu.

Steingrímur segir skaðabóta-



SKAÐABÓTAMÁL Fordæmi eru fyrir því bæði erlendis og hérlendis að ríkið fari í skaðabótamál, þó óvenjulegt sé að svo stór atburðarás sé tekin fyrir með þessum hætti, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mál geta verið fljótvirkari en sak-sókn og refsing, sé því til að dreifa. Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvort ríkið fer þessa leið, né hvort slík málshöfðun, ef af verður, yrði í höndum ríkislögmanns eða annarra.

Starfshópur með fulltrúum fjög-urra ráðuneyta mun stýra verkefni-nu og ráða tvo til þrjá lögfræðinga til að vinna að könnun og undir-búningi málshöfðunar.

Þegar upplýsingar koma fram um atburðarás, tjón og tjónvald

Kaupmáttur launa eykst:

Launavísitala hækkar lítillega

KJARAMÁL Launavísitala hækkaði um 0,4 prósent frá júní til júlí samkvæmt Hagstofu Íslands. Síðastliðna tólf mánuði hefur launa-vísitalan hækkað um 2,6 prósent.

Kaupmáttur launa jókst um 0,2 prósent milli mánaða. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa hins vegar lækkað um 7,8 prósent. Launahækkanir félaga í Alþýðusambandi Íslands, sem áttu að taka gildi í mars, tóku ekki gildi fyrr en í júlí og skýrir það hækkunina. Þá hækkuðu almennir launataxtar um 6.750 til 8.750 krónur. Seinni hluti þeirra hækka-na kemur til framkvæmda 1. nóv-ember.

- kóp

105 erlendir nemendur:

Útskrifast af ís-lenskunámskeiði

MENNTAMÁL Útskrifaðir voru 105 nemendur af íslenskunámskeiði hjá Háskólasetri Vestfjarða á mánudag. Allir nemendurnir náðu lágmarkseinkunn.

Námskeiðið hefur farið fram undanfarnar þrjár vikur á Ísa-firði og á Núpi í Dýrafirði. Það er hugsað sem undirbúningur fyrir dvöl hér á landi og eru flestir nemendanna á leið í skiptináms á Íslandi í vetur. Þátttakendurnir hafa einnig ferðast um Vestfirði þessar vikur í tengslum við nám-skeiðið.

- þeb



SIGURBJÖRN HJALTASON Biðlar til Kjós-verja að borga fasteignagjöld með góðu.

Beita mildri innheimtuaðferð:

Vandræðaleg samtöl í Kjós

SVEITARFÉLÖG „Sé um vanskil að ræða hefur starfsmaður á skrifstofu hreppsins samband við viðkomandi, en það eru að öllu jöfnu vandræðaleg samskipti,“ segir Sigurbjörn Hjaltason oddviti á heimasíðu Kjósarhrepps um milda innheimtustefnu hreppsins sem byggist á því á að treysta á skilvísí gjaldenda. Sigurbjörn segir hægt að innheimta fasteignagjöld með aðför að fasteignum fólks en að til þess hafi sem betur fer ekki komið. „Er það eindregin ósk til þeirra sem eru í vanskilum að gjöldin verði gerð upp hið fyrsta ef því er ekki þegar lokið.“

- gar

Fyrstu bráðabirgðatölur forsetakosninga í Afganistan birtar í gær:

Karzai og Abdullah jafnir

AFGANISTAN, AP Samkvæmt fyrstu bráðabirgðatölum úr forsetakosningunum í Afganistan, sem haldnar voru í síðustu viku, eru líkur á því að halda þurfi aðra umferð kosninganna taldar hafa aukist mjög.

Þegar búið var að telja tíu prósent atkvæða voru Hamid Karzai, núverandi forseti, og Abdullah Abdullah, fyrrverandi utanríkisráðherra í stjórn Karzais, báðir með um 40 prósent atkvæða. Karzai hafði þó örlítið forskot, hafði fengið 40,6 prósent en Abdullah 38,7 prósent.

Nái hvorugur þeirra meira en 50 prósentum þarf að kjósa á ný milli tveggja efstu frambjóðenda, sem væntanlega verða þeir Karzai og Abdullah.

Bæði lítill kosningaþátttaka og gagnkvæmar ásanir um útbreitt kosningasvindl hafa þó varp-að skugga á kosningarnar. Töluverð hætta er á að lítill sátt verði um úrslit þeirra.

Karzai hefur að vísu boðið Abdullah, og öðrum mótframbjóðendum sínum, ráðherrasæti í ríkis-stjórn sinni, fari svo að hann haldi embættinu. En ekki er víst að það dugi, ef fótur reynist fyrir ásökunum um kosningasvindl.

„Kosningasvindl gæti leitt af sér aukna spennu



KOSNINGASTJÓRI KARZAIS BROSIR BREITT Haji Din Moham-med var ánægður með forskot Karzais, sem þó var harla lítið því aðeins tíu prósent atkvæða hafa verið talin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

og ofbeldi,“ sagði í sameiginlegri yfirlýsingu frá sex forsetaframbjóðendum. Hvorki Karzai né Abdullah voru þó meðal þeirra.

- gb

DeWalt verkfæri fyrir fagmanninn

HLEÐSLUBORVÉL 12V

94DC743KB



Létt og góð 12V
hleðsluborvél með LED ljósi

Rafhlaða: 2 x 2,6Ah
Hleðslutæki
Patróna: 13mm
Þyngd: 2kg
Taska

39.900 kr.

HLEÐSLUBORVÉL 18V

94DC988KB



Öflug og góð 18v
hleðsluborvél
3ja gíra með
höggi

Rafhlaða: 2 x 2,6Ah
Hleðslutæki
Patróna: 13mm
Þyngd: 2,5 kg
Taska

59.900 kr.

HÖGGBORVÉL SDS

94D250003K



Afl: 650W
Kraftur: 2,4j
Meitlun
Þyngd: 2,7kg

Borhamar SDS með
meitlun

29.900 kr.

SLEÐASÖG + 1,5M

94DW5520KR



Sleðasög
+ 1,5 m sleði
saman í pakka

Afl: 1300W
Snú/min: 1750-4000
Geta við 90°: 59mm
Sleði: 1.5
Taska

74.900 kr.

LÍNULASER

94DW087K



Frábær 2ja línulaser

Þyngd: 0,46kg
3 x AA rehlöður
Veggfesting
Skekkja +/- 0,3mm/m
Drægni: 15m
Taska

39.900 kr.

SLÍPIROKKUR 18V

94DC411N



Kraftmikill 18v
slípirokkur

Stök vél (án rafhlöðu)
fyrir 125mm skífur
Afl: 6500sn, 405W
Taska

29.000 kr.

SVERÐSÖG 18V

94DC385N



Kraftmikill 18v sverðsög

Stök vél (án rafhlöðu)
4 stillingar á blaði
Slög/min: 0 - 3000
Þyngd: 2,6 kg

34.900 kr.

SOGBÚNAÐUR F. SDS VÉL

94D25300D



Góður og
einfaldur
sogbúnaður sem
passar fyrir
eftirfarandi vélar:
D25303 og D25313

14.900 kr.

LJÓS 18VOLT

94DW919



Gott vinnuljós með "Flex"
armi og passar fyrir
18V rafhlöður

9.900 kr.

HLEÐSLUBORVÉL 12V + HÖGGBORVÉL SDS

94D25003KSF

Nett og handhæg
12v hleðsluborvél

Afl: 20 Nm
Rafhlaða: 2 x 1,3Ah
Hleðslutæki
Patróna: 10mm

+

Borhamar SDS
með meitlun

Afl: 650W
Kraftur: 2,4j
Meitlun
Þyngd: 2,7kg

**TILBOÐ
44.900 kr.**



SINDRI

Verð gilda til og með 10. september
eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um villur.

VEISTU SVARIÐ?

1. Hver skoraði mark Íslands í landsleiknum gegn Frökkum á mánudag?

2. Hvaða íslenski fíðlunemi hlaut á dögunum styrk úr sjóði Halldórs Hansen til að stunda nám við Juilliard?

3. Hvað bíða mörg pör eftir því að geta ættleitt börn frá útlöndum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

8FRÉTTABLAÐIÐ26. ágúst 2009MIÐVIKUDAGUR

Siðareglum og siðanefnd ætlað að auka traust á sveitarstjórnarmönnum:

Siðanefnd öðlist stoð í lögum

DAGUR B. EGGERTSSON

„Við hvetjum sveitarstjórnir til að setja sér siðareglur og leggjum til að sveitarstjórnarlögum verði breytt á þann veg að siðanefnd á vettvangi Sambands sveitarfélaga fái lagastoð.“ Hugsunin sé að úrskurðir nefndarinnar hafi sambærilega stöðu og úrskurðir umboðsmanns Alþingis sem séu leiðbeinandi og í raun pólitískir gildisdómar. Jafnframt sé mikil-

vægt að færa úrskurðarvald úr héraði svo náavigið verði ekki of mikið.

„Þetta er eitt af því sem þarf að gera til að vinna gegn þessu vantrausti sem gætir mjög í samfélaginu,“ segir Dagur.

Von hans er að öll sveitarfélög landsins hafi sett sér siðareglur innan fárra missera og að lögum verði breytt í vetur svo miðlæg siðanefnd öðlist lagastoð. Telur Dagur fyrirbyggjandi reynslu af störfum ýmiss konar siðanefnda auðvelda þau störf. Frumvarpsmiði og málsmeðferð ættu því ekki að vera margra mánaða verk.

- bps

Talsmaður neytenda: Minnir á hámark kostnaðar

NEYTENDUR

Talsmaður neytenda hefur sent Lögmannafélagi Íslands ábendingu, hvar minnt er á að lögmenn séu bundnir af reglum um hámark innheimtukostnaðar. Innheimtulög og reglur um hámark innheimtukostnaðar eigi einnig við um lögmenn.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir í ábendingunni að hún sé send að gefnu tilefni og er félagið beðið að áréttta það við starfandi lögmenn. Rætt hafi verið óformlega við framkvæmdastjóra félagsins og vinsamlegast er mælt til þess að ábendingin sé birt á vefsvæði Lögmannafélagsins.

- kóp

Smurpjónusta

Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1

Innifalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva

Max1 verðdæmi á ódýrri smurpjónustu

Toyota Yaris	1,3	Olía, olíusía og vinna:	9.095 kr.
Nissan Almera	1,5	Olía, olíusía og vinna:	9.092 kr.
Mazda3	1,6	Olía, olíusía og vinna:	9.370 kr.
Ford Focus	1,6	Olía, olíusía og vinna:	9.688 kr.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshófða 5a, Bildshófða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.

Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.

Skoðaðu www.max1.is

UTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastill og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
Fatastill	Litgreining	Innkaupastjóri
Fatasamsetning	Förðun út frá litgreiningu	Útlitsráðgjafi
Textill	Litasamsetning	Stílisti
		Verslunarstjóri

Erna, stílisti

Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynibönd og myndatökur. Það er óhátt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi

Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textill, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

Sjaldan tímamörk á nýtingu orkuauðlinda

Forstjóri Magma Energy segir samninga um orkunýtingu verða að vera til langs tíma til að fjárfestar leggi fé í uppbyggingu. Hann segir samninga Magma í Bandaríkjunum fráleitt sambærilega við samning HS Orku við Reykjanesbæ.

ORKUMÁL

Samningar sem kanadíska orkufyrirtækið Magma Energy hefur gert í Bandaríkjunum eru algerlega ósambærilegir við samning HS Orku um nýtingu jarðvarma undir Reykjanesi, segir Ross J. Beaty, forstjóri Magma Energy.

Samningur HS Orku við Reykjanesbæ um orkunýtingu á Reykjanesi er til 65 ára með möguleika á framlengingu í önnur 65 ár. Magma Energy á tæplega ellefu prósent hlut í HS Orku, og hefur gert tilboð í 32 prósent hlut Orkuveitu Reykjavíkur í fyrirtækinu.

Tveir samningar Magma Energy, sem fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu, eru hins vegar til tíu ára, með möguleika á framlengingu í önnur tíu ár.

„Bandarísku samningarnir eru um rannsóknaréttindi til tíu ára, og hægt er að endurnýja þá til annarra tíu ára. Ef fyrirtækið hefur orkuframléiðslu einhvern tímann á því tímabili má halda orkuvinnslu áfram út í hið óendanlega,“ segir Beaty.

Fjölmargir áhrifamenn innan Vinstri grænna og Samfylkingarinnar hafa gagnrýnt samning Reykjanesbæjar við HS Orku. Beaty segir það koma á óvart að leiga til 65 ára sæti gagnrýni. Viðast hvar í heiminum fáiast varanleg leyfi til orkuframléiðslu, ekki tímabundin eins og hér á landi.

„Fjárfestingar í jarðvarmavirkjunum eru stórar fjárfestingar til mjög langs tíma. Það tekur ár eða áratugi að fá til baka það fé sem lagt er í slíkar framkvæmdir. Þess vegna þarf að semja um nýtingarrétt til mjög langs tíma til að fjárfestar fái eitthvað fyrir sinn snúð,“ segir Beaty.

FUNDAD

Ross J. Beaty, forstjóri Magma Energy, átti klukkustundar langan fund með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er með öðrum orðum auðveldara að fá fjárfesta til að leggja fé í jarðhitarannsóknir og nýtingu ef réttindin hafa verið tryggð til langs tíma.“

Beaty fundaði í gær með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra um tilboð Magma Energy í 32 prósent hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku. Eins og fram hefur komið leitar fjármálaráðherra nú leiða til að koma HS Orku í meirihlutaeigu opinberra aðila á ný.

Hagstofan spáir að 10.300 flytji frá Íslandi á næstu árum umfram aðflutta:

Helst útlendingar sem flytja burt

ALÞINGI

Hagstofan spáir því að jafnvægi verði náð í búferlaflutningum árið 2012 eftir ójafnvægi frá árinu 2004.

Árin 2004 - 2007 fluttu mun fleiri til landsins en frá því og spár gera ráð fyrir að brottfluttir verði mun fleiri en aðfluttir árin 2009 - 2011. Því er spáð að í ár flytji 4.800 fleiri frá landinu en til þess, á næsta ári nemi sá fjöldi 3.200 og árið 2011 nemi hann 2.300 manns.

Samkvæmt spánni verða útlendingar tæplega 78 prósent brottfluttra umfram aðflutta í ár, á næsta ári verður hlutfall þeirra 67 prósent og árið 2011 tæp 54 prósent.

Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur Framsóknarflokki þar um. Byggir það á svörum Hagstofunnar.

Tiltölulega venjubundið mynstur var á búferlaflutningum til ársins 2003 og ráðgerir Hagstofan að það ástand verði aftur komið á 2012.

Siv vildi fá upplýsingar um búferlaflutninga vegna bankahrunsins en fær ekki þar sem Hagstofan hefur ekki greint ástæðurnar sem búa að baki búferlaflutningum. Hún vildi einnig fá margs kyns sundurliðun á stöðu brottfluttra en fær heldur ekki af sömu ástæðum.

- bps

LEIFSSTÖÐ

Hagstofan spáir að fleiri flytji til landsins en frá því á ný árið 2012.



IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð



Stillanleg rúm

Nýjar heilsudýnur
Heilsukoddar
Hlíðardýnur og lök
Sængurverasett
Teppasett
Höfuðgaflar
Náttborð
Svefnsófar

20-50% afsláttur
af völdum vörum



S-CAPE

WALLHUGGER

Sá nýjasti og besti frá Leggett

PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið
hjá Svefn & heilsu



Óseyri 2

AKUREYRI



6 mán. vaxtalausar greiðslur



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



STÓRI SÚKKULABÍKÓRANINN Á hóteli í Súrabaja í Indónesíu hefur þessari stóru eftirlíkingu af Kóraninum, hinni helgu bók múslima, verið stillt upp í anddyri í tilefni af föstumánuðinum ramadan. Þessi Kóran hefur þá sérstöðu að vera gerður úr súkkulaði.

NORDICPHOTOS/AFP



EFNILEGUR Áhugi barna og unglunga á golfþróttinni fer sívaxandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Mótaröð unglunga í golfi:

Léku 33.300 holur í sumar

GOLF Skráningar á mótaröð unglunga hafa aldrei verið betri en í ár. Um helgina fór fram sjötta og síðasta stigamót á Garðavelli hjá Golfklúbbi Reykjavíkur.

Alls skráðu sig 846 kyflingar á mótaröðina í sumar og spiluðu þeir því 1.850 hringi og léku 33.300 golfholur. Með þessum stóra hópi ungra kyflinga fylgir gjarnan fjöldi aðstoðarmanna og stuðningsmanna. Á mótaröðinni er keppt um stigameistaratitilinn í flokkum stráka 13-14 ára, stelpna 13-14 ára, drengja 15-16 ára, telpna 15-16 ára, pílta 17-18 ára og stúlkna 17-18 ára.

- shá

Bandalag stærstu flokka sjía-múslima gegn Íraksforseta:

Nouri al-Maliki einn á báti

ÍRAK, AP Tveir stærstu flokkar sjía-múslima á Íraksþingi hafa myndað með sér bandalag, ásamt litlum flokkum súnna-múslima, en í andstöðu við Nouri al-Maliki, forsætisráðherra, sem sjálfur er sjía-múslimi og hefur til þessa notið stuðnings flokka sjía á þinginu.

Þetta þýðir að al-Maliki þarf að afla sér stuðnings meðal súnna-múslima á þinginu, eigi hann að geta settið áfram í embættinu eftir þingkosningar í janúar. Dawa, flokkur al-Malikis, gekk ekki til liðs við þetta nýja bandalag vegna þess að hinir flokkarnir vilja ekki fyrirfram tryggja stuðning þess við að hann verði áfram forsætisráðherra.

Nýja bandalagið nefnist Íraska þjóðbandalagið. Að því standa bæði Íslamsráðið, sem er stærsti flokkur sjía á þingi, og flokkur herskáa klerksins Muqtada al-Sadrs. Báðir þessir flokkar hafa nán tengsl við stjórnvöld í Írak.

Ná þetta nýja bandalag góðum árangri í kosningunum í janúar má búast við auknum áhrifum Íransstjórnar í Írak, tæpu ári áður en Bandaríkjaher ætlar að vera alfarinn frá Írak.

Til þess að vega á móti þessu þyrfti al-Maliki að leggja enn frekari áherslu á vilja sinn til að ná samkomulagi við bæði súnna og kúrda.

- gb



SHEIKH KHALED AL-MULLA Skýrði frá nýja sjía-bandalaginu á blaðamannafundi í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Leyniþjónustan hótaði að drepa börn og nauðga

Bandaríkjastjórn ætlar að tryggja að yfirheyrslur verði ekki svo harkalegar að pyntingar geti talist. Rannsókn er hafin á því hvort ákæra eigi þá sem stóðu að leynilegum yfirheyrslum Bush-stjórnarinnar.

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti og ríkisstjórn hans vinna nú að því að setja strangar reglur um meðferð grundaðra hryðjuverkamanna. Dómsmálaráðuneyti stjórnarinnar er að hefja sakarannsókn á leynilegum yfirheyrsluáðferðum, sem tíðkuðust meðan George W. Bush var forseti.

Á mánudag endurbirti stjórnin skýrslu leyniþjónustunnar CIA um yfirheyrslur fanga, þar sem er að finna nánari lýsingar á harkalegum yfirheyrsluáðferðum. Þessum lýsingum var sleppt þegar hluti skýrslunnar var birtur fyrr á þessu ári.

Eldhús og baðinnréttingar, parketlag्नir, viðhaldsverkefni,mikil reynsla og sann-gjarnt verð. Óli smíður 698 9608.

Tölvur

Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun

Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Stíflubjónusta



Nudd

NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

Spádómar



Dulspekisíminn 908-6414

Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árrspá. Draumráðningar, ást og pening-ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun



Trésmiði

smidaland.is


Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

Önnur þjónusta

ÚRVALS GRÓÐURMOLD, HELLUSANDUR OG GÖNGUSTÍGAEFNI. AFREITT Á BILA OG KERRUR. KAMBUR EHF GEIRLANDI V/ SUBURLANDSVEG S. 8920111 5543918 kamburehf@sim-net.is

KEYPT & SELT

Til sölu



Gefins


Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég Magnús Steinþórsson gull-smíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripí af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is



Staðgreiðum gull, demanta og úr.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! **www.kaupumalltgull.is**
Upplýsingar í síma 661 7000.

Kaupi alla silfur og gullskartgripí. Greiði allt að 2000 kr. fyrir grammið af gulli. Kaupi einnig allskonar gamla muni (dánarbú) Uppl. 694 5751. Geymið auglýsinguna.

Óska eftir ofni og keramik helluborði. Uppl. í s. 899 6985.

Hljóðfæri



Dúndurtilboð!

Kassagitarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Tölvur

Er tölvan bíluð?

Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

Til bygginga



Harðviður til húsabygginga.

Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, park-et, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúf-ur. Penofin harðviðarölula. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símun 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kamb-stál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Verslun



HEILSA

Heilsuvörur

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur. Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/pruf-ur. www.rkb.heilsuskysrsla.is Rannveig iðjuþjálfri/einkaþj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 **www.lifsstill.is**

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkr-unarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

Nudd

NUDD - HEILSULIND

Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slök-unarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurta-nudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opíð frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

Vandaðir ferðanuddbekkir frá 60.000 kr. Óléttuferðabekkir, lök, ofl. S: 891 6447

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Tantric Massage of Sacred touch

For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Snyrting



SKÓLAR & NÁMSKEIÐ


Námskeið



ANGIELSKI dla Polaków Icelandic

Enska fyrir börn

Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, start 31/8. Level I: 4 w Md to Fr; 18-19:30, st 31/8. Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 31/8. Level I: 4 w Md to Fr; 18-19:30, st 31/8. Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 31/8. Level III: 4w Md to Frd 15-16:30 st. 31/8. Level II: 7w Md,Wd, Frd 19:45-21:15 st. 31/8. Level III: 10 weeks 19:45-21:15 st: 31/8. Level IV: 10w. Sat/Sun 14:-15:30; st 29/8. Level VI: 17 w Sat 10-11:45 st. 29/8.
ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;18-19:30, Level II: 4 w; 19:45-21:15.start 31/8, 28/9: ENSKA f. BÖRN: Byrjar 31/8; 8 vikur; kl 16:30-17:30; 5-8 ára; mán/mið; 9-12 ára: Þri/fim og fös: framh. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice



Kennsla



Viltu verða stílisti?

The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistánámi. Nánari upplýs-ingar í síma 533-5101.

NULL

Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

Ökukennsla

www.aksturinn.is S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vígfússon.

HEIMILIÐ

Húsgögn

1.árs þvottavél 90 þ. 1.árs PS3 60 þ. Svefnsofi 25 þ. Sófi og borð gefins. 1.árs lítill ísskápur 35þ. S. 866 7044.

Heimilistæki

Whirlpool ísskápur hæð 1,23 br. 50 d. 55. Verð 25þ. S. 845 9290 e. kl. 14.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Góðir maðkar

Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133 & 841 7139.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu 30 fm einstaklingsíbúð m/ eldavél, ísskáp og þvottavél. Á rölegum stað í Fossvogi. Laus ca. 6. sept. S 863 4515 eftir kl. 16:00.

2 herb. íbúð til leigu í Aspaelli. Leiga 85 þús. einn mán. í tr. S 618 1068

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

City center : 3 rooms

Apartmen with all incl. 90fm góð íbúð með öllu. 130þ. S. 896 7913 & 860 0360.

104 Reykjavík / Kleppsvegur

3-4 herbergja íbúð á 3. hæð ca. 100fm. til leigu, laus um mánaðmót 2/9 leigist með hluta af húsgögn-um. Leiga 110 þús. innifalið hiti/raf-magn/hússj. Tryggingavíxill. Aðeins reglusamir og rölegir koma til greina. Uppl. í s. 699 2778 eftir kl. 17:00 á daginn.

Til leigu 2 herb. íbúð í borgarhverfi í grafarvogi með sérinngangi og garði. Uppl. í s. 899-7012.

Stúdíóíbúð

Nýuppgerð 20 fm. stúdíóíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og inter-net fylgir. S. 824 6692.

Herbergi nálægt HÍ

Rúmgott herbergi við Hávallagötu, aðgangur að allri aðstöðu með öðru herbergi, þvottavél, þurrkari, internet S. 824 6692.

Herbewrgi miðsvæðis

Gott herbergi á Miklubraut, aðgangur að allri aðstöðu. S. 663 5791

Herb. til leigu rétt hjá HÍ með aðg. að fullbúnu eldh. og baði. Uppl í s. 554 2190 eða 894 5396 eftir kl. 5.

Til leigu ca. 55fm bíl við Flatahraun í Hfj. Góð staðsetning. Laust 1 sept. S. 661 9083.

Húsnæði óskast

Óskum eftir 2-3 herb. íbúð á Seltjarnarnesi. Erum reyklus og reglu-sóm. S. 699 2948.

Óskum eftir 4-5 herb.íbúð í hverfi 104 Rvk frá 1-15 sept. uppl. í s. 849 1672.

Lítill íbúð óskast til leigu í 101 Rvk eða nágrenni. Sanngjörn leiga sem greiðist 2x á ári. Langtímaleiga. Fyrir algjöflega reglusama konu. Uppl í s 551 6610 & 893 1335.

Óska eftir 3 herb. eða stærri íbúð á höf-uðg.sv. Greiðslug. 100þ. S. 615 4210.

Reglusöm fjölskylda óskar eftir 3. herb íbúð nálægt Korpuskóla. Skilvísum greiðslum heitið. S:899 2778 / 824 9220.

Vantar húsnæði nálægt HÍ, jafnvel að gerast meðleigjandi. Er 26 ára stelpa utan af landi. Uppl. í s. 847 2065.

Reglusöm og heiðarleg fjölskylda óskar eftir 4-5 herb leiguhúsnæði í hlíðunum. Getum lagt fram meðmæli, heitið góðri umgengni og öruggum greiðslum. S: 6982947

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 100 og 180 m2 iðnaðarbil í Hafnarfirði. Get einnig boðið stærri ein-ingar, allt upp í 1000 m2. S 822 4200.

Til leigu 92fm verslunar eða skrifstofu-húsn. í Skútvogi. Og 11fm á 2.hæð skrifstofa eða geymsla. S. 864 1219.

100 fm iðnaðar eða lagerhúsnæði til leigu með innkeyrsluhurð við Auðbrekku í Kóp. Uppl. s: 894-2339.

Einstæð móðir óskar eftir 3-4 herbergj-aíbúð, helst í 109. Gg 90 þús. reyklus og reglusöm.skilvísum greiðslum heit-ið. S:8660737

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán.í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

HÚSVAGNAGEYMSLA

Upphitað og nýstandsett hús á Eyraþakka. Hreint, þurrt og lyktarlaust. Sömu verð og í fyrra. 10% stgr.afsl. S. 564-6500.

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Geymsluhúsnaðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorkjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. báta ofl. í Borgarfirði. Gott verð. Áralöng reynsla. S. 663 2130 eða á magnus1220@hotmail.com

ATVINNA**Atvinna í boði****Söluturn**

Starfskraftur óskast strax til starfa í söluturn. Þarf að vera heiðarlegur, stundvís og þjónustulunduð manneskju. Uppl. í s. 892 2365 á milli kl. 19-20 á kvöldin.



Leitum að áráðanlegum og duglegum starfsmanni í fullt starf í afgreiðslu á Rizzo í Hraunbæ. Þarf að geta hafið störf strax. Mikil vinna í boði. Uppl. í s. 898 9979 í dag.



Rizzo leitar að áráðanlegum og duglegum starfskrafti í útkeyslu/ afgreiðslu-starf. Uppl. í s. 898 9979

Veitingahús í Kópavogi
Óskar eftir starfsmanni í ræstingur á aldrinum 35- 45 ára. Upplýsingar í síma 894 0292.

**Keiluhöllin**

Óskar eftir vaktstjórum í fullt starf. Vaktavinna. Aðeins 25 ára og eldri koma til greina. Hægt er að sækja um í keiluhöllinni milli kl. 17-20.

Keiluhöllin í Öskjuhlíð
Óskar eftir starfsmanni á síma við móttöku pantana alla virka daga frá 09-17. Hægt er að sækja um á staðnum



Stay ehf auglýsir eftir duglegum þernum í þríf á tveimur íbúðarhótelum í miðbænum. Reynsla á þrífum æskileg. Uppl. stay@stay.is Stay ehf is looking for maids to clean in two guesthouses. Experience necessary. Send information to stay@stay.is

Keiluhöllin í Öskjuhlíð
óska eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Tekið verður á móti umsóknum í dag milli kl. 17-20 í keiluhöllinni. Einnig hægt að sækja um á www.keiluhollin.is

ATVINNA

Einhamar Seafood ehf. (Í Grindavík) óskar eftir starfsfólki í fiskivinnslu fyrirtækisins. Leitað er að aðilum sem eru handfjótir, traustir og jökvæðir sem vilja vinna á góðum og traustum vinnustað. Viðkomandi aðilar þurfa að geta hafið störf fljótlega. Tekið er við umsóknum á netfanginu sandra@einhamarehf.is eða í síma 426 7700.

อาชีพ

Einhamar Seafood ehf. (ตั้งอยู่ที่เมือง กรีนดาวิก (Grindavík)) ต้องการพนักงาน สำหรับปฏิบัติงานในโรงงานปลา มีควาามสามารถในการใช้มือ ได้อย่างคล่องแคล่ว, ใจเิกโตและมีความคิดในแนวทาง การทำงานภายในสถานที่ทำงานที่ดีและน่าเชื่อถือ ต้องการบุคคลที่สามารถเริ่มปฏิบัติงานได้ทันที สามารถสื่อสารได้ทั้งภาษาไทยและอังกฤษที่ sandra@einhamarehf.is หรือที่หมายเลขโทรศัพท์ 426-7700.

PRACA

Firma Einhamar Seafood ehf. w Grindavíku poszukuje pracowników do przetwórstwa rybnego. Poszukuje się osoby pracowite, solidne, mające pozytywne nastawienie i pragnące pracować w dobrym i pewnym miejscu pracy. Oczekuje się, że wnioskodawcy mogą rozpocząć pracę od zaraz. Wnioski przyjmowane są na adres emailowy sandra@einhamarehf.is oraz pod numerem tel. 426-7700.

**PYLSUVAGNINN Í LAUGARDAL**

Pylsuvagninn í Laugardal
leitum að hressum, duglegum starfsmanni í afgreiðslu í hlutastarfi. Hentar vel með skóla. Ef þú ert eldri en 18 ára, getur unnið undir álagi, ert snyrtileg/ur og dugleg/ur, sæktu þá um á umsokn. foodco.is. Tekið skal fram að starfið hentar konum jafnt sem körlum.

**Súpubarinn**

Súpubarinn í Hafnarhúsinu óskar eftir að ráða umsjónarmann með afgreiðslu, framsetningu, uppgjörum o.fl. Umsækjandi skal vera a.m.k. 23 ára. Góð laun í boði. Umsóknir skulu sendar á netfangið supubarinn@supubarinn.is. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.



Íslenski barinn óskar eftir að ráða þjón í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera eldri en 20 ára, reynsla æskileg. Umsóknir sendist með tölvupósti á info@islenski-barinn.is. Nánari upplýsingar í síma 661 9261 á milli kl 14 - 16.

Bífreiðasmiðir óskast

Bílmálning ehf. óskar eftir bífreiðasmiðum. Góð laun í boði. Umsóknir sendist á tjonaskodun@tjonaskodun.is. Uppl. í s 445 6480.

Vantar heimilishjálpritari í hálft starf í Kópavogi. Reynsla af bókhaldi og ritarastarfi er kostur sem og við heimilishald. Sveigjanlegur vinnutími. Uppl. og umsóknir sendist á bjorgmundur@gmail.com

Óska eftir starfsmanni til afgreiðslu-starfa í bakarí á Seltjarnarnesi. Vinnutími 13-18 virka daga. Nánari uppl. gefur Helena í s. 699 5423.

Atvinna óskast

Smiður óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Ég óska eftir vinnu við t.d.byggingav. (inni)parket,jarðv.fiskv.hellul.s8485071.

TILKYNNINGAR**Tapað - Fundið**

Stálpaður kettlingur svört og hvít læða fannst í Skálholti. Uppl í síma 8689721

Einkamál**Rauða Torgið**

Hringdu í Rauða Torgið þegar þú leitar spennandi tilbreytingar. Svараðu auglýsingum annarra eða leggðu inn þína eigin auglýsingar, spjallaðu við djafnt fólk á spjallrás eða láðu útrás í heitum símaleikjum með yndislegum síma-dömur. Skoðaðu símaskránnu hér eða á www.RaudaTorgid.is og veldu þína símapjónustu. Góðar stundir!

Símapjónusta Spjaldömur

S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

**Spennandi símadama**

Yndisleg símadama á Rauða Torginu ætlar að vera með opið fyrir samtöl öll kvöld þessarar viku, frá 17-23 yfirleitt og allan laugardaginn. Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort). Skoðaðu prófilinn hennar: ThePurpleRabbit.com/AnnaRut.

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjaldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Ný upptaka!

Hún var úti að hláupa og kom inn öll heit og sveitt. Njóttu þessarar innilegu upptöku...í einrúmi. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, miklu ódýrara), uppt.nr. 8306. Nánar á RauðaTorgið.is (sögur).

VÍSIR.IS
“...ég sá það á vísi”



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Kennara vantar í Árbæjarskóla

Árbæjarskóli auglýsir eftir kennara í samfélagsfræði og lífsleikni í 100% stöðu.

Hæfniskröfur eru:

- Kennarapróf
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Faglegur metnaður
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

Helstu verkefni:

- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur og foreldra
- Vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk

Einkunnarorð Árbæjarskóla eru:
Ánægja - Áhugi - Ábyrgð - Árangur

Upplýsingar gefur Þorsteinn Sæberg skólastjóri í síma 411 7700.

Umsóknir skulu sendar á netfangið sberg@arbaejarskoli.is eða á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 8.september.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá samaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Þórarinn Jónsson
Lögg.fast. hdl.

Páll Guðmundsson
Sölufulltrúi
S: 861-9300

GÓÐ SALA

Vegna góðrar sölu óskum við eftir öllum tegundum eigna á skrá. Við veitum eign þinni athygli og sinnum henni. Við verðleggjum eignina þína vandlega.

Höfum á skrá kaupendur að flestum tegundum eigna.

HRINGDU NÚNA !
861 9300

RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

Húsahverfi

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Húsahverfi vegna húsa við Vesturhús og Suðurhús. Í breytingunni felst að hækkaðar eru heimildir vegna hámarks byggingarmagns og heimildum til útbygginga breytt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Háskóli Íslands

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Háskóla Íslands sunnan Brynjólfsögðu. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni og fjölgun bílastæða eins og sýnt er á reitum A, B og C á uppdrætti. Byggingareitir ofan og neðanjarðar eru stækkaðir, gert ráð fyrir bílakjallara, heimiluð hækkun húsa úr tveimur hæðum í þrjár og stækkun á húsnæði endurmenntunar HÍ. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Spöngin,

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina, lóðirnar að Fróðengi 1-11 og Spöngina 43. Í breytingunni felst að bílastæðakjallari við Spöngina 43 verði felldur út og bílastæðum komið fyrir á lóð og inn undir aðra hæð hússins. Bílastæði á annarri hæð verða síðan samnýtt að hluta með starfsfólki í Fróðengi 1-11. Fjöldi bílastæða á lóðinni að Fróðengi 1-11 helst óbreyttur, hundrað og þrjátíu, af þeim verða fjörutíu stæði samnýtt með Spönginni 43. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 26. ágúst 2009 til og með 7. október 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 7. október 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 26. ágúst 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Að slökkva lífsneistann hjá fólki

UMRÆÐAN

Ásgerður Jóna Flosadóttir skrifar um fátækt á Íslandi

Við upplifum margt sorglegt og mjög átakanlegt innan veggja Fjölskylduhjálpar Íslands.

Í morgun, mánudag 24. ágúst, hef ég haft nóg að gera við að svara símtölum frá fátæku fólki sem sér ekki fram á að geta staðið undir þeim kostnaði sem fylgir því að mennta börn sín.

Kona hafði samband og sagði að dóttir hennar hefði komist inn í framhaldsskóla og var ákaflega ánægð með það. Þessi kona er öryrki og hefur alls 120.000 krónur í tekjur á mánuði. Hún leigir 90 fermetra íbúð á Stór-Reykjavíkursvæðinu á 80.000 krónur og fær í húsaleigu-bætur 32.000 þannig að leigan er 48.000 krónur á mánuði. Þessi kona hefur 68.000 krónur til að framfleyta sér og dóttur sinni. Þessi kona getur ekki keypt skólábækur fyrir dóttur sína. Nú hefur einstaklingur í þjóðfélaginu haft samband við mig og ætlar að styðja viðkomandi fjöl-



ÁSGERÐUR JÓNA FLOSADÓTTIR

FÍ og er það vel.

Á föstudaginn sl. fengum við eitt af mörgum hrópum um hjálp sökum fátæktar. Þetta er sönn saga sem birtist hér að neðan.

Einstætt foreldri sem er öryrki bað um neyðaraðstoð hjá Fjölskyldu-

hjálp Íslands í síðustu viku. Foreldrið er á fertugsaldri með þrjá syni á aldrinum 11, 15 og 17 ára. Foreldrið leitaði til Félagsþjónustunnar í Reykjavík en fékk synjun um aðstoð vegna þess að viðkomandi væri öryrki og ekki á framfæri félagslega kerfisins. Hér bitnar það á viðkomandi foreldri að hafa þraukað í sinni fátækt undanfarin misserin og þá er svarið hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík: nei, engin aðstoð hér. Peningar voru ekki til á heimilinu til að kaupa mat. Fjölskyldan var matarlaus, ekki til mjólkurdropi. Þessi einstaklingur með börnin sín þrjú er gjörsamlega hjálparlaus. Elsta barnið átti að byrja í framhaldsskóla sl. föstudag en foreldrið varð að hringja barnið inn veikt því

ekki voru til peningar til að kaupa skólábækur og annað sem tilheyrir skólanum. Foreldrið hafði fengið 15.000 krónur hjá Hjálparstarfi kirkjunnar en sú upphæð dugði ekki fyrir skólakostnaði fyrir eitt barn, hvað þá þrjú. Foreldrið er að bugast. Hagir þessa foreldris eru eftirfarandi. Það leigir 96 fermetra íbúð hjá Félagsbústöðum á 150.000 krónur á mánuði og fær 70.000 krónur í húsaleigubætur. Það greiðir því 80.000 krónur í húsaleigu. Tekið skal fram að foreldrið sefur í stofunni þar sem í íbúðinni eru þrjú herbergi en þyrftu að vera fjögur. Tekjur þessa foreldris eru 120.000 krónur í örorkubætur og 60.000 með þremur börnum á mánuði. Sem sagt, tekjur þessa foreldris eru því 180.000 á

mánuði. Að að frádreginni húsaleigu hefur það því til ráðstöfunar heilar 100.000 krónur á mánuði.

Hitt foreldrið, sem einnig er öryrki, veiktist lífshættulega fyrir stuttu og bíða börnin milli vonar og ótta eftir framvindu mála. Fjölskylduhjálpar Íslands stóð vaktina að venju og var hægt að styðja fjölskylduna með 20.000 krónum til bóka kaupa auk þess að fá matvæli sem gætu dugað í vikutíma. Vanda-mál þessara fjölskyldna eru ekki leyst með aðstoð frá okkur. Aðstoð hjá Fjölskylduhjálp Íslands er neyðaraðstoð. Hér þarf miklu meira að koma til.

Höfundur er formaður Fjölskylduhjálpar Íslands.

Strand-veiðar

UMRÆÐAN

Grétar Mar Jónsson skrifar um sjávarútveg

Ísumar samþykkti Alþingi að leyfa strandveiðar sem ekki væru háðar því að menn ættu eða leigðu til sín kvóta. Það var fagnaðarefni.

Núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hefur leitt til þess að fjöldi sjómanna er nú leiguliðar sægreifa sem drottna yfir auðlindinni. Leiguliðanir hafa þurft að leigja kvóta og borgað allt upp í 80-90% af verðmæti landaðs afla til sægreifanna. Margir hafa fyrir vikið gefist upp. Það verður að koma í veg fyrir að hægt sé að hneppa menn í ánaud á þeim forsendum að verið sé að vernda fiskistofnana og auka hagræðingu í greininni.

Allir þeir sem hafa fylgst með fiskveiðum frá því að kvótakerfið var sett á vita að markmiðum þess hefur aldrei verið náð. Eina markmið þess í dag virðist því vera að viðhalda eignarhaldi á kvótanum og vernda með því sérhagsmunum fátækra á kostnað almennings. Strandveiðikerfið er spor í rétta átt til að breyta núverandi kerfi og þar með að koma til móts við álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem hefur ályktað að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi brjóti mannréttindi sem varða atvinnufrelsi.

Í sumar hafa um 400 handfærabátar stundað strandveiðar. Á sumum bátum hafa tveir verið á. Hagræðing þess fyrir land og þjóð er margvísleg. Fyrst má nefna að allur fiskur sem veiðist hefur með þessum hætti farið á innlendan fiskmarkað sem hefur átt þátt í að auka fiskvinnslu í landi. Veiðarnar hafa leitt til aukinna tekna fyrir alla. Sveitarfélögin hafa fengið hærri hafnargjöld og útsvar. Ríkið fær meiri tekjur í formi skatta. Fleiri störf hafa orðið til og þó svo að það sé tímabundið er það betra en ekkert.

Fyrir næsta sumar þarf að setja fleiri tonn í þennan pott sem strandveiðimenn mega veiða úr og ætti hann að mínu áliti að vera átta til tíu þúsund tonn. Einnig ætti að lengja veiðitímabilið, sem ætti að ná frá 1. apríl til 1. september. Sumum strandveiðisjómönnum, sem hafa verið leiguliðar hingað til, finnst að þeir séu nú aftur orðnir frjálsir menn þar sem þeir fá nú fullt verð fyrir aflann og þurfa ekki að greiða sægreifum fyrir aðgang að veiðiheimum.

Að lokum skora ég á íslensk stjórnvöld að virða mannréttindi íslenskra sjómanna.

Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.

INNLAUSN Á HLUTUM Í ALFESCA HF.

Lur Berri Iceland ehf., kt. 420409-0790, Skógarhlíð 12, Reykjavík, („Lur Berri Iceland“) og stjórn Alfesca hf., kt. 580293-2989, Kringlunni 7, Reykjavík, („Alfesca“) hafa ákveðið að þeir hluthafar í Alfesca sem ekki samþykktu yfirtökutilboð Lur Berri Iceland og eru ekki í hópi samstarfsaðila um stjórn og rekstur Alfesca skuli sæta innlausn af hálfu Lur Berri Iceland á hlutum sínum, sbr. 1. mgr. 110. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Lur Berri Iceland og samstarfsaðilar um stjórn og rekstur Alfesca eiga samtals 91,34% hlutafjár í Alfesca og fara með 91,87% atkvæðisréttar í félaginu. Innlausnin tekur til allra annarra hluta og nær til annarra hluthafa Alfesca sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í upphafi dags 26. ágúst 2009. Þeim hluthöfum er send þessi tilkynning ásamt framsalseyðublaði. Tilkynning þessi er birt í dagblöðum í samræmi við samþykktir Alfesca um boðun aðalfundar, sbr. 1. mgr. 110. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Hluthafar í Alfesca, sem innlausnin tekur til, eru hvattir til að framselja Lur Berri Iceland hluti sína í Alfesca innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessarar tilkynningar.

Innlausnarverðið er 4,5 kr. fyrir hvern hlut í Alfesca. Greitt verður fyrir hlutina með reiðufé. Er um að ræða sama verð og Lur Berri Iceland bauð hluthöfum Alfesca í yfirtökutilboði frá 25. júní 2009. Greiðslan verður innt af hendi 29. september 2009.

Til að framselja Lur Berri Iceland hluti sína í Alfesca þurfa hluthafar að fylla út framsalseyðublað sem þeim mun verða sent með þessari tilkynningu. Rétt útfyllt framsalseyðublað verður að berast Fyrirtækjaráðgjöf Nýja Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fyrir kl. 12:00 þann 24. september 2009.

Hafi hlutir í Alfesca ekki verið framseldir Lur Berri Iceland í samræmi við framangreint, verður andvirði hlutanna í Alfesca greitt inn á geymslureikning í nafni viðkomandi hluthafa. Frá þeim tíma telst Lur Berri Iceland réttur eigandi viðkomandi hluta í Alfesca, sbr. 2. mgr. 110. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Nýi Kaupþing banki hf. hefur umsjón með innlausninni fyrir hönd Lur Berri Iceland. Nánari upplýsingar veita verðbréfaráðgjafar bankans í síma 444-7000.

Vakin er sérstök athygli hluthafa á því að Nýja Kaupþingi banka hf. er óskýlt að meta hvort víðskipti í tengslum við innlausnina séu viðeigandi fyrir þá. Þeir njóta því ekki þeirrar verndar sem í slíku mati felst samkvæmt 16. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Er hluthöfum bent á að leita sér sérfræðiaðstoðar vegna víðskiptanna.

Reykjavík, 26. ágúst 2009

Fyrir hönd Lur Berri Iceland ehf. og stjórnar Alfesca hf.

Nýi Kaupþing banki hf. - Fyrirtækjaráðgjöf

MÓÐIR TERESA
FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1910

„Ég veit að Guð myndi ekki láta neitt á herðar mínar sem ég réði ekki við. Ég vildi bara óska að hann treysti mér ekki svona vel.“

Móðir Teresa var albönsk nunna rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Hún stofnaði reglu trúboðs kærleiksboðberanna og hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1979.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. ÁGÚST ÁRIÐ 1991

Ísland styður Eystrasaltslöndin

Pennan dag árið 1991 tók Ísland upp formlegt stjórnmálasamband við Eistland, Lettland og Litháen, fyrst allra ríkja.

Jón Baldvin Hannibals-son var utanríkisráðherra á þessum tíma og studdi hann dyggilega sjálfstæðisbaráttu þjóðanna sem börðust fyrir aðskilnaði við Sovétríkin.

Eistland, Lettland og Litháen urðu fyrst sjálfstæð ríki árið 1918 en voru innlimuð í Sovétrík-in árið 1940 þegar Stal-in og Hitler gerðu með sér gríðasáttmála. Lönd-in lýstu yfir sjálfstæði að nýju árið 1990. Íslend-



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

ingar voru fyrstir þjóða til að senda þeim heillaóska-skeyti og hétu því að berj-ast fyrir viðurkenningu rík-anna í alþjóðasamfélaginu.

Um síðustu helgi voru mikil hátíðarhöld í Eystra-saltsríkjunum þremur enda tuttugu ár liðin frá því að fólk frá ríkjunum þremur tók höndum saman, myndaði mann-lega keðju og krafð-ist þannig sjálfstæðis frá Sovétríkjunum á táknræn-an hátt. Sjö mánuðum síðar lýstu Litháar yfir sjálf- stæði og urðu Íslendingar sem fyrr segir fyrstir til að viðurkenna það.

MERKISATBURÐIR

- 55 f.Kr. Júlíus Caesar hefur innrás í Bretlandseyjar.
- 1883 Eldfjallið Krakatá í Indónesíu springur í gríðarlega öflugum eldgosi.
- 1896 Jarðskjálfti riður yfir Suðurland og eyðileggjast við það margir bæir í Rangárvallasýslu. Styrkur skjálftans hefur verið metinn 6,9 stig á Richter en skjálftinn er nefndur Suðurlandsskjálfti (hinn fyrri).
- 1979 Snorrahátið er haldin í Reykholti til að minnast átta alda afmælis Snorra Sturlusonar.
- 1984 Keppt er í Reykjavíkumaraþoni í fyrsta sinn. Þátttakendur voru 214 en tíu árum síðar voru þeir á fjórða þúsund.

RANNSÓKNARÞJÓNUSTAN SÝNI: OPNAR MATVÆLASKÓLA

MARGIR HUGA AÐ FRAMLEIÐSLU

Rannsóknarþjónustan Sýni opnar Matvælskólann hjá Sýni miðvikudaginn 2. september næstkomandi en þar verða haldin fjölmörg námskeið sem á einn eða annan hátt tengjast matvælum eða gæðum.

„Við höfum haldið býsna mörg námskeið í gegnum árin sem mörg hafa tengst gæðamálum, hreinlæti og umgengni í matvælaíðnaði en smám saman höfum við verið að útvíkka gæðahugtakið og bæta heilsu og mataræði við. Að sama skapi höfum við verið að færa okkur meira út á einstaklingsmarkað,“ segir Snorri Þórisson, framkvæmdastjóri Sýnis. „Við opnuðum kennslueldhús í fyrri og bjóðum nú bæði upp á námskeið fyrir einstaklinga og hópa.“

Á meðal námskeiða eru: Gæði og öryggi í matreiðslu, Hollusta og matseld sem hópefli fyrir vinnustaði, Stofnun fyrirtækja í matvælaíðnaði, Krakka-matur – hollur og bragðgóður og Borðum betur sem er námskeið fyrir íþróttafólk, þjálfara og foreldra. Snorri segir marga hafa hug á því að hefja framleiðslu enda standi íslenskur iðnaður betur í samkeppni við innflutta vöru. „Námskeiðið Stofnun matvælafyrirtækja ætti að henta þeim, en þar verður farið yfir þau lög og þær reglur sem gilda um stofnun slíkra fyrirtækja.“

Einnig verður boðið upp á nám fyrir almenna starfsmenn í matvælafyrirtækjum og er stefnt að því að það nám verði metið til eininga á framhaldsskólastigi. „Þekking á smitvörnum og leiðum til að forðast svínaflensu er mikilvæg um þessar mundir og gætu námskeið eins og Gæði og öryggi í matreiðslu hent að starfsmönnum veitingastaða og stórra fyrirtækja,“ segir Snorri.

Sum námskeiðin eru síðan til þess fallin að sá nýrri hugsun og að brjóta upp hugmyndir eins og að hollur matur sé endilega dýrari en óhollur. „Í því samhengi má nefna að við vorum að gera rannsókn fyrir leikskólana þar sem við bárum saman matseðla með tilliti til hollustu og verðs. Niðurstaðan var sú að hollri matseðillinn var ódýrari.“

Meðal annarra námskeiða má nefna Hollar kjötvörur – unnar kjötvörur geta líka verið hollar sem kann að vekja forvitni enda hefur hinu gagnstæða aðallega verið haldið fram.



BJÓÐA NÁMSKEIÐ TENGD MAT OG GÆÐUM Snorri ásamt Ástu Guðmundsdóttur og Guðrúnu Adólfssdóttur sem báðar kenna á námskeiðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hjá Sýni fara auk námskeiða fram efnamælingar fyrir matvæla- og fæðu-riðnað auk þess sem veitt er ráðgjöf um gæðamál og hreinlæti. Námskeiðið sem stuðst er við á námskeiðunum er unnið af ráðgjöfum fyrirtækisins sem hafa starfað í matvælaíðnaði í mörg ár og byggir á reynslu þeirra af nám-

skeiðahaldi, rannsóknarstörfum og samstarfi við fyrirtæki og fagmenn. Kennslan, sem er í höndum matvælafræðinga og ráðgjafa Sýnis, fer fram hjá Sýni að Lynghálslí 3 og í fyrirtækjum og stofnunum sem þess óska. Nánari upplýsingar er að finna á www.syni.is.

vera@frettabladid.is



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengda-faðir og afi,

Geir Kristjánsson

Brúalandi 32, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 14. ágúst, verður jarðsúnginn frá Neskirkju miðvikudaginn 26. ágúst kl. 15.00.

Anna Gísladóttir

Kristján Geirsson	Droplaug Guðnadóttir
Margrét Geirsdóttir	Haukur K. Bragason
Birkir Kristjánsson	Anna Björk Kristjánsdóttir
Kristófer Geir Hauksson	Helga Margrét Hauksdóttir



Elskuleg móðir okkar,

Sólveig Vilhjálmisdóttir

Dvalarheimilinu Kjarnalundi, áður til heimilis að Viðivöllum 4, Akureyri,

lést aðfaranótt 25. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Vilhjálmur Ingi Árnason
Tryggvi Árnason
Ingibjörg Bryndís Árnadóttir



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ágúst Guðmundssonar

bifreiðastjóra og ökuennara, Norðurbrú 5, Garðabæ, áður að heimilis Ásgarði 149, Reykjavík.

Margrét Ágústsdóttir	Aðalsteinn Ólafsson
Kristján Ágústsson	Stefanía Sara Gunnarsdóttir
Ágúst Björn Ágústsson	Þórdís Björg Kristinsdóttir
Bjarni Ágústsson	Þórdís Lára Ingadóttir
Robert John Severson	
barnabörn og barnabarnabörn.	



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Auður Sigurjónsdóttir

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fimmtudaginn 20. ágúst, verður jarðsúngin frá Selfosskirkju föstudaginn 28. ágúst kl. 13.30.

Sigurjón Bergsson	Pálína Tómasdóttir
Þórir Bergsson	Briet Þorsteinsdóttir
Ólóf Helga Bergsdóttir	Smári Kristjánsson
Arnlaugur Bergsson	Guðný Ósk Sigurbergisdóttir
Þórmundur Bergsson	Margrét E. Laxness
Bergur Heimir Bergsson	Þuríður Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.	



Elskulegi maðurinn minn, faðir, fösturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Sigurður Ólafsson

frá Kjarlaksvöllum,

lést miðvikudaginn 19. ágúst. Minningarathöfn fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 26. ágúst kl. 15.00. Jarðsett verður frá Staðarhólskirkju í Saurbæ í Dalasýslu laugardaginn 29. ágúst kl. 14.00. Við viljum koma fram sérstöku þakklæti til starfsfólks deildar B-2 á Landspítalanum í Fossvogi fyrir frábæra umönnun og hlýju í garð aðstandenda.

Guðrún Guðjónsdóttir

Helga Björg Sigurðardóttir	Reynir Guðbjartsson
Bára Kolbrún Guðmundsdóttir	Þorsteinn Hermannsson
Áslaug Harðardóttir	
Guðjón Þór Ragnarsson	
Guðrún Björg Ragnarsdóttir	Lárus Kristinn Ragnarsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn	

80 ára afmæli

Í dag miðvikudag 26. ágúst verður áttæður

Ólafur Andrés Guðmundsson

fyrirverandi iðnkennari. Álfaskeiði 85, Hafnarfirði. Af því tilefni taka Ólafur og kona hans, Borgildur Sölvey Magnúsdóttir, á móti gestum á afmælisdaginn milli kl. 18 og 20 í sal Oddfellawa, Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



FROSIN LAMBASVIÐ



269 KR./KG

FROSID HEILT LAMBALÆRI



1078 KR./KG

KJÚKLINGALUNDIR



1498 KR./KG

MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.



898

FERSKT NAUTAHAKK 898 kr./kg.



125

125 kr. 2 ltr.

TOPPUR 2 ltr. SÍTRÓNUR/ÁVAXTA 125 kr



359

BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 598 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
359 kr./kg.

FERSKUR BÓNUS KJÚKLINGUR



489

BÓNUS FERSKUR HEILT KJÚKLINGUR

MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR 489 kr./kg.



198

CONSUL BANANAR 198 kr./kg.



398

K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr./kg.



398

RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 STK 398 kr.



879

ROÐ OG BEINLAUSIR

N.F. ÞORSKBITAR 879 kr./kg.



298

BÓNUS KLEINUR 15 STK 298 kr.



25%
AFSLÁTTUR

SKÓLAOSTUR MERKT VERÐ 1648 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR
1236 kr./kg.



398

FROSIN SMÁBRAUÐ
15 STK 398 kr.



898

REYKT BRAUÐSKINKA
898 kr./kg.



159

BÓNUS KJARNABRAUÐ
500g 159 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

FÁÐU ÞÉR KORT



FRIDA



GERPLA



BRENNUVARGARNIR



FÍASÓL



UTAN GÁTTA



ÍSLANDSKLUKKAN



OLIVER!



HÆNUUNGARNIR

Fjögurra sýninga
leikhúskort kostar aðeins
9.900 kr.




Fjögurra sýninga kort fyrir 25 ára og yngri
kostar aðeins **5.900** kr.

**Leitin að OLIVER! hefst á
Opnu húsi á laugardaginn**


Það verður mikið fjör þegar við galopnum
Þjóðleikhúsið á laugardaginn kl. 13-16.
Og þá byrjar líka leitin að rúmlega 20 strákum á aldrinum
8-13 ára til að fara með hlutverk í söngleiknum OLIVER!
Skráning í áhæyrnarprufur fer fram á Opna húsinu.



FÁÐU ÞÉR KORT!
Hringdu í **551 1200**
eða smelltu þér á
leikhusid.is



NOKKUR ORÐ Kolbrún Björt Sigfúsdóttir



Að klæða sig í búning annarra

Að vera maður sjálfur getur reynst mörgum erfitt. Að vera einhver annar, það er verk leikara, jafnvel sjúklegra lygara þó stundum sé það herbragð til að fela hversu lítill maður sjálfur er. Nýlega var stungið upp á því að í sumarbústaðferð okkar vinkvennanna myndum við draga aðra úr hatti til að vera eitt kvöldið. Ekki var beðið um að við færum í búning eða lékum hver aðra, en þó var skilyrði að enginn væri hann sjálfur heldur, við yrðum, jú, allar að vera á staðnum.

Ég lagði höfuðið í bleyti. Hvernig í ósköpunum gæti ég leyst verkefnið án þess að móðga nokkurn? Allt sem mér datt í hug að gera eða segja virkaði svo kvikindislegt. Hvernig myndi ég taka því ef einhver færi svona með persónu mína? „Það verða allir að hafa húmor fyrir sjálfum sér,“

sagði vinkona mín sem útskýrði leikinn fyrir mér. Hafa allir það? hugsaði ég, en kinkaði kolli. „Að sjálfsögðu.“

Ég elsa vinkonur mínar, enda hópur fallesta kvenna sem vita hvað þær vilja í lífinu og veigra sér ekki við að eltast við það. En ég gæti aldrei verið einhver þeirra. Til þess erum við of ólíkar. Það væri líkt og biðja Joey um að vera Ross. Hann yrði í besta falli ýkt skopmynd. Mig langar ekki að gera grín að vinkonum mínum. Mig langar að heilla þær með djúpstæðum skilningi á þeirra persónu.

Að setja sig í spor annarra er erfiðara en maður heldur. Hversu oft hef ég þóst skilja en skilið ekkert nema út frá eigin forsendum? Eru til aðrar forsendur en manns eigin? Ég get ímyndað mér hvernig það er að vera annar, ég get hermt eftir hreyfingu, atferli, talsmáta annarra. En ég slepp aldrei undan því að vera ég.

myndasögur


■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



> Helena tæp fyrir leikinn

Óvíst er hvort Helena Sverrisdóttir geti beitt sér af fullum krafti í leik Íslands og Írlands í B-deild Evrópumótsins í kvöld. „Hún fékk högg á síðuna í leiknum gegn Slóveníu um helgina og gat lítið beitt sér í þeim leik. Hún fór í myndatöku í gær og er sem betur fer ekki rifbeinsbrotin en er þó með nokkuð grunnan andardrátt. Við vitum meira á morgun (í dag) en ég á ekki von á því að hún geti beitt sér af fullum krafti á morgun,” sagði Henning Henningsson landsliðsþjálfari. Leikurinn fer fram á Ásvöllum í Hafnarfirði og hefst klukkan 19.15.

sport
sport@frettabladid.is



ÍSLENSKU KÖRFUBOLTALANDSLIÐIN Á FULLU: LEIKA Í B-DEILD EVRÓPUMÓTSINS Í DAG

Ætlum ekki að gera okkur að fíflum hér

Íslensku A-landsliðin í körfubolta verða í eldlinunni í B-deild Evrópumótsins í dag. Karlalandsliðið mætir Svartfellingum ytra og kvennaliðið tekur á móti Írum.

Gengi liðanna hefur verið nokkuð ólíkt í leikjum þeirra undanfarið. Karlaliðið hefur unnið tvo góða sigra í röð en kvennaliðið hefur hins vegar tapað öllum sínum þremur leikjum í þessari törn og alls aðeins unnið einn af átta leikjum í riðlinum.

Í karlakeppninni eru þrír riðlar og efsta liðið í hverjum riðli sem kemst áfram í undanúrslit auk liðsins sem nær bestum árangri þeirra liða sem lenda í öðru sæti sinna riðla. Svartfellingar tryggðu sér um helgina sigurinn í íslenska riðlinum og það er nánast öruggt að annað sætið gefur ekki sæti í undanúrslitunum. Engu að síður ætla Íslensku karlarnir að mæta til leiks af fullum krafti ytra í kvöld enda langt ferðalag að baki. „Við erum búnir að vera á ferðinni síðan á mánudagsmorgun,” sagði Páll Axel



Vilbergsson við Fréttablaðið í gær en hann var þá staddur á flugvellinum í Belgrad. „Við erum því búnir að leggja heilmikið á okkur og ætlum að tækla þennan leik eins og menn. Svartfjallaland er vitanlega með langsterkasta liðið í riðlinum og á alls ekki heima í B-deildinni. Þó þeir séu öruggir munu þeir ekki mæta með hálfum huga í leikinn enda á heimavelli. Við ætlum ekki að beygja okkur og gera okkur að fíflum.”

Henning Henningsson, landsliðsþjálfari kvenna, á von á erfiðum leik gegn Írum í kvöld. Leikið er á Ásvöllum og hefst leikurinn klukkan 19.15. „Írar unnu Slóvena sem við töpuðum fyrir um helgina. En við stefnum engu að síður á sigur í leiknum en það verður gríðarlega erfið.”

Íslenska liðið stóð lengi í Slóvenum ytra um helgina og er það góðs viti. „Þetta hefur verið nokkuð kaflaskípt hjá okkur en mér finnst liðið ekki enn hafa náð að spila heilan leik af fullum styrk. Ég vona að stelpurnar taki sig saman og spili góðan leik nú,” sagði Henning.



Á FULLU Erla Hendriksdóttir, til hægri, á fullu ásamt Ástu Árnadóttur á æfingu íslenska liðsins í gær. FRÉTTABLAÐID/ÓSKAR.Ó

Ármann Smári Björnsson til Englands:

Samdi við Hartlepool

FÓTBOLTI Ármann Smári Björnsson samdi í gær við enska C-deildarliðið Hartlepool til næstu tveggja ára. Hann kemur til liðsins frá Brann í Noregi þar sem hann hefur fátækifæri fengið í byrjunarliðinu.

„Ég er ánægður með samninginn og að fá tækifæri í mekka fótboltans,” sagði Ármann Smári. „Þetta hefur verið í deigluinni í talsverðan tíma en hlutirnir fóru að gerast hratt fyrir nokkrum dögum síðan. Ég fór svo

út í dag [í gær] og skrifaði undir.“

Ármann Smári getur spilað bæði sem framherji og varnarmaður. Hann átti frekar

von á því að hann myndi byrja sem framherji hjá nýja félaginu. „Þeir geta þó notað mig hvar sem er á vellinum. Mér er sama, svo lengi sem ég fæ að spila og finnst gaman.“

- esá

ÚRSLIT

EM 2009 - C-riðill:

England - Ítalía	1-2
1-0 Fara Williams, viti (38.), 1-1 Patrizia Panico (56.), 1-2 Alessia Tuttino (82.).	
Svíþjóð - Rússland	3-0
1-0 Charlotte Rohlin (5.), 2-0 Victoria Sandell Svensson (15.), 3-0 Carlone Seger (82.).	

Meistaradeild Evrópu:

Maccabi Haifa - Red Bull Salzburg	3-0
Maccabi Haifa vann samanlagt, 5-1.	
FC Zürich - FK Ventpils	2-1
FC Zürich vann samanlagt, 5-1.	
VSC Debrecen - Levski Sofia	2-0
Debrecen vann samanlagt, 4-1.	
Anderlecht - Olympique Lyon	1-3
Lyon vann samanlagt, 8-2.	
Atletico Madrid - Panathinaikos	2-0
Atletico Madrid vann samanlagt, 5-2.	

Var sagt að taka takkaskóna með

Erla Hendriksdóttir, nuddari íslenska liðsins, tók fram skóna á æfingu landsliðsins í gær og sýndi gamla takta enda gamalreyndur landsliðsmaður.

FÓTBOLTI Erla Hendriksdóttir, nuddari íslenska liðsins, sýndi á æfingu landsliðsins í gær að hún hefur engu gleymt er hún hljóp í skarðið þegar það vantaði leikmann. Erla var á sínum tíma leikjahæsta landsliðskona Íslands og spilaði alls 55 landsleiki frá 1995 til 2005. Hún lagði skóna upp á hillu fyrir þremur árum en var kölluð aftur inn í landsliðið sem nuddari stelpnanna á EM í Finnlandi.

„Það er svolítið annað að vera í hlutverki nuddara liðsins en það er frábært að vera komin inn í þennan hóp. Þetta eru meiri háttar stelpur sem eru góðar í fótbolta og það er allt jákvætt í kringum þær. Ég hef ekki upplifað svona hóp áður þrátt fyrir að hafa verið í landsliðinu í öll þessi ár,” segir Erla. Hún leit út eins og hún væri hluti af liðinu á æfingunni í gær.

„Það var gaman að þessu og maður gat aðeins haldið í við þær. Það kitlar að byrja aftur eftir þennan dag,” sagði Erla eftir æfinguna. Hún stóð sig mjög vel og það var ekki að sjá að hún hafi hætt fyrir þremur árum. „Það vantaði einn leikmann á æfinguna en mér var líka sagt það áður en ég fór út að ég ætti að taka takkaskóna með. Ég lét ekki segja mér það tvisvar og ég er búin að bíða eftir tækifærinu,” sagði Erla sem er í flottu líkamlegu formi.

„Ég er að hlaupa og hef aðeins verið í bolta en það er ekki mikið. Það er miklu skemmtilegra að koma og spila þegar maður er með góðum leikmönnum og það er mikill hraði á æfingum,” sagði Erla. Það hefur verið nóg að gera hjá henni á mótinu enda álagðið mikið

á leikmönnum sem eru að berjast við sterkustu landslið Evrópu. „Það er nóg að gera og það eru margar lappir sem þarf að nudda. Það er ágætt að þekkja þetta sem fyrrum leikmaður því þá finnur maður á stelpunum þegar þær eru ekki meiddar en þurfa að láta mýkja sig upp. Þetta er langur tími og mikil pressa. Það er mikið andlegt álag og ég held að það hjálpi mikið til að ég komi inn í þetta á meðan Svala sjúkraþjálfari getur sinnt sínu,” segir Erla.

